



Reglur um starfsemi leikskóla Sveitarfélagsins Ölfuss

Leikskólar Sveitarfélagsins Ölfuss starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og Skólastefnu Ölfuss frá 2023. Reglur þessar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla. Foreldri er notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. Barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>).

Leikskólastarf er rekið í tveimur leikskólum í Ölfusi:

- Leikskólinn Hraunheimar er rekinn af Sveitarfélaginu Ölfusi.
- Leikskólinn Bergheimar er rekinn af Hjallastefnunni ehf. (hjalli.is/svona-er-hjallastefnuskoli).

Fyrsta skólastigið

Sveitarfélagið Ölfus leggur áherslu á að börn geti hafið leikskólagöngu um 18 mánaða aldur. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og er leikskólagangan mikilvægur áfangi á menntabrautinni. Vel þarf að hlúa að menntun og ummönnun barna alla skólagönguna og er gott samstarf barna, foreldra og starfsmanna leikskólans lykill að vel heppnaðri skólagöngu.

1. Umsókn og innritun

- 1.1 Umsóknareyðublöð um leikskóladvöl má finna á íbúagátt Sveitarfélagsins Ölfuss [www.olfus.is / umsoknir](http://www.olfus.is/umsoknir) og eyðublöð.
- 1.2 Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala hefur verið skráð.
- 1.3 Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi. Börn í dreifbýli Ölfuss geta sótt um leikskólapláss í Hveragerði.
- 1.4 Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, að því tilskyldu að pláss séu laus á viðkomandi deild. Inntaka í leikskóla fer að jafnaði fram að hausti.
- 1.5 Forgang í leikskóla eiga börn sem náð hafa innritunaraldri og að mati sérfræðinga hafa þörf fyrir leikskóladvöl. Skóla- og velferðarþjónusta Ölfuss leggur mat á umsóknir um forgang.
- 1.6 Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við mánaðarmót. Tilkynning berst til leikskólastjóra.

2. Dvalartími

- 2.1 Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 - 16:30.
 - 2.2 Gert er ráð fyrir að hámarksdvalartími á viku sé að jafnaði um 40 klst. fyrir 2 – 6 ára börn og 35 klst á viku fyrir 24 mánaða gömul börn og yngri. Miðað er við að daglegur dvalartími barns fari ekki yfir 8,5 klukkustundir á dag nema með fenginni undanþágu vegna sérstakra aðstæðna foreldra. Vakin er athygli á því að leikskólinn býður upp á sveigjanlegan vistunartíma milli daga og eru foreldrar hvattir til að nýta sér það í því skyni að stytta vistunartíma barna eins og hægt er.
- 2.2 Leikskólinn lokar að jafnaði í 5 vikur yfir sumartímann. Ef barn er fjarverandi úr leikskóla á milli jóla og nýárs, í dymbilvikunni eða í 2 vikur eða lengur geta foreldrar óskað eftir að fá fellt niður



fæðisgjald fyrir þann tíma. Tilkynna þarf fjarveruna til leikskólans með 2 vikna fyrirvara og er fæðisgjald leiðrétt eftir á.

- 2.3 Leikskólinn lokar fimm daga á ári vegna skipulags og fræðsludaga. Reynt er að samræma slíka daga með grunnskólanum. Leikskólagjald fellur ekki niður þessa daga.

3. Gjaldskrá

- 3.1 Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Sveitarfélagið Ölfus greiðir að stærstum hluta kostnaðar við dvöl barna í leikskólum í Ölfusi.
- 3.2 Til að njóta systkinaafsláttar er skilyrði að systkini séu skráð með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Veittur systkinaafsláttur er 30% með öðru systkini og 50% með þriðja og fjórða systkini og nær til dvalargjalds. Ekki reiknast afsláttur af dvalargjaldinu af álagstímanum á milli kl. 16:00 – 16:30. Afsláttur reiknast ekki af fæðisgjaldi. Systkinaafsláttur gildir milli dagforeldra, leikskóla og frístundar.
- 3.3 Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi. Foreldri þarf að vera skráð einstætt í þjóðskrá og þarf barn að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi til að fá afslátt af leikskólagjöldum. Hefji einstætt foreldri sambúð skal greiða fullt gjald þegar sambúð hefst. Umsókn um afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.
- 3.4 Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn. Skila þarf innritunartorði frá skóla í upphafi hvernar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar. Fjölskyldu og fræðslunefnd Ölfuss úrskurðar um vafaatriði.
- 3.5 Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sóttu um niðurfellingu á leikskólagjöldum, gegn framvísun á læknisvottorði sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um niðurfellingu gjalda innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.
- 3.6 Gjald fyrir dvöl umfram umsamin vísunartíma:
Heimilt er að innheimta sérstakt gjald fyrir dvöl umfram umsamin vísunartíma og er kveðið um fjárhæð þess gjalds hverju sinni í gjaldskrá leikskóla Ölfuss. Heimilt er að innheimta gjaldið fyrir hverjar 15 mínútur sem barn mætir fyrir umsamin vísunartíma eða er sótt eftir að vísunartíma lýkur samkvæmt dvalarsamningi.
- 3.7 Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega. Gjaldldagi er í upphafi hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólarnir eru lokaðir vegna sumarleyfa.
- 3.8 **Vanskil á leikskólagjöldum**
Fjölskyldu og fræðslusvið Ölfuss áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 3 mánuðum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.
Ef óskað er eftir samkomulagi um greiðslu vanskila skal hafa sambandi við sviðsstjóra fjölskyldu og fræðslusviðs.



4. Ráðgjöf og þjónusta

- 4.1 Allar nánari upplýsingar er varða leikskólamál veita leikskólastjórar og starfsmenn fjölskyldu og fræðslusviðs, Hafnarbergi 1.
- 4.2 Skóla og velferðarþjónusta Ölfuss veitir lögbundna sérfræðiþjónustu. Hjá Skóla og velferðarþjónustu starfa félagsráðgjafar, sálfræðingur, talmeinafræðingur og kennsluráðgjafi. Skólaþjónusta Ölfuss sinnir margþættum verkefnum með það að leiðarljósi að mæta fjölbreyttum þörfum barna, forsjáraðila og starfsfólks skóla. Áhersla er lögð á þverfaglegt og gott samstarf bæði við börn og forsjáraðila auk þeirra fagaðila sem koma að þjónustunni.
- 4.3 Öll börn frá fæðingu til 18 ára aldurs og foreldrar þeirra hafa aðgang að farsældarþjónustu skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í leikskólum Ölfuss eru starfandi tengiliðir sem foreldrar geta haft beint samband við ef þörf krefur. Einnig er tengiliður starfandi hjá velferðarþjónustu Ölfuss sem öllum er velkomið að leita til. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á 1.stigi í samræmi við óskir foreldra. Upplýsingar um tengiliði er að finna á heimasíðu Ölfuss, <https://www.olfus.is/is/thjonustan/velferd-og-fjolskylda/farsaeld-barna-i-olfusi>.
- 4.4 Komi upp ágreiningur um framfvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til fjölskyldu og fræðslunefndar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Reglur þessar voru endurskoðaðar og samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 18.12.2025 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 29.01.2026 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.